

11 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hall-
27. febr. dórs Benediktssonar og Arnbjargar Sigfúsdóttur, Skriðuklaustri, útgefin á
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 27. febrúar
926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Halldórs Benediktssonar og Arnbjargar Sigfúsdóttur
Skriðuklaustri.**

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum frá nokkrum vinum þeirra hjóna í virðingar og þakklætisskyni fyrir langt og vel unnið æfistarf, og skal heita: »Minningarsjóður Helldórs Benediktssonar og Arnbjargar Sigfúsdóttur«.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 540.00, en tekjur hans, vextir þeir, er við sjóðinn skulu leggjast samkvæmt skipulagsskrá þessari, og gjafir þær, er sjóðnum kunna síðar meir að berast.

3. gr.

Starfssvið sjóðsins er aðallega Fljótsdalshreppur.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins eru: Sóknarpresturinn í Valbjófsstaðarpresta-
kalli, húsfreyjan á Skriðuklaustri, sú eldri eða elsta, ef tví eða fleirbýli
er á jörðinni, og þriðji maður kosinn af hreppsþúum á hreppamóti eða
almennum hreppsfundi, til 6 ára.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skulu allir
vextir leggjast við höfuðstólinn þar til upphæð hans er orðin kr. 2000.00
og ártal stendur á 5 eða 0, skal þá útborga $\frac{9}{10}$ — nýju tíundu — árs-
vaxtanna til stjórnarnefndarinnar, er svo úthlutar þeim, eftir þeim reglum
er síðar segir, en hin árin leggjast allir enn við höfuðstólinn þar til hann
nemur kr. 5000.00, en eftir það skal árlega útborga $\frac{2}{3}$ allra vaxtanna, en
 $\frac{1}{3}$ leggjast við höfuðstólinn.

6. gr.

Vöxtum þeim, sem ákveðið er í 5. gr. að útborgast skuli, skal varið
til verðlauna til tveggja manna í Fljótsdal, karls eða konu, fyrir:

- a) Trjárækt og blómarækt til prýðis heimilum utanbæjar.
- b) Matjurtarækt til búsnýtja og smekkbætis, þó skal eigi tillit tekið til 27. febr. ræktunur á gulrófum, næpnm eða kartöflum, nema um tilraunir með nýjar tegundir sje að ræða.
- c) Blómækt til ánægju og prýðis innanbæjar.
- Stjórnarnefnd dæmir óg úthlutar verðlaunum, og ákveður í hvert sinn hvernig verðlaununum skal skift milli þeirra, er verðlaun hljóta.

7. gr.

Verðlaununum skal útbýtt í snotrum og eigulegum munum, helst af innlendri gerð, er keyptir sjeu fyrir sjóðsvextina, nema verðlaunaþegi óski fremur peninganna.

8. gr.

Komi ár fyrir, sem engir hljóta verðlaun, leggjast vextirnir við höfuðstólinn það ár.

9. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera starfssvið hans viðtækara en hjer er sagt fyrir, þegar henni þykir það tiltækilegt.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fljótsdalshreppi í júlí 1920.

Guttormur Vigfússon,
Þór. Þórarinsson,

Sölvi Vigfússon.
Ól. O. Lárusson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Aldamótasjóð Fljótsdælinga, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumála- 27. febr. ráðherra, 27. febrúar 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Aldamótasjóð Fljótsdælinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Aldamótasjóður Fljótsdæla«, og er stofnaður með aurasamskotum á aldamótahátíð Fljótsdælinga á sumardaginn fyrsta 1901. Stofnfje sjóðsins er kr. 43,00,